



Reykjavík 25. júlí 2022

Heilbrigðisráðuneytið
Samráðsgátt
Mál 106/2022

Efni : Hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsmanna í starfi hjá ríkinu

Heilbrigðisráðuneytið hefur nú sett inn til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda áform um breytingu á lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn varðandi hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsmanna ríkisins í 75 ár.

Ljósmaðrafélag Íslands er jákvætt fyrir fyrirhuguðum breytingum og telur þær bæta réttarstöðu þeirra ljósmæðra og annarra heilbrigðisstétta sem kjósa að starfa eftir sjötugt. Við teljum það jákvætt að heilbrigðisstarfsmenn og stofnanir hafi val um að gera ráðningasamning sín á milli, það bætir réttarstöðu starfsmanna og valkosti, þar sem áfram verði mögulegt að starfa á verktakasamning eins og verið hefur.

Við óskum eftir því að tryggt verði að þegar gerður verður nýr ráðningasamningur við heilbrigðisstarfsmann sem hefur náð sjötugsaldri að ráðningakjör hans verði eins eða betri en þau kjör sem hann hafði fyrir.

Eins viljum við áréttá að þess verði gætt að þessar breytingar komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á lífeyrisréttindi.

Til framtíðar litið verður einnig að gæta þess að breytingin hafi ekki áhrif á nýliðun stétta. Það þarf að tryggja að nýútskrifaðir heilbrigðisstarfsmenn fái stöður á heilbrigðisstofnunum og eðlileg endurnýjun eigi sér stað.

Virðingafyllt
f.h. Ljósmaðrafélags Íslands
Unnur Berglind Friðriksdóttir, formaður